

Sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar
c/o Pétur Ingi Haraldsson

Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri, 28.02.2020

Undirritaður fh. lóðarhafa Furuvalla 5 óskar eftir því við skipulagsráð að það taki afstöðu til að fá að útbúa sex íbúðir á 2. hæð hússins við Furuvelli 5.

Ekkert deiliskipulag er til af þessu svæði en til eru ákveðnar heimildir í rammaskipulagi Oddeyrar sem heitir „Rammahluti aðalskipulags Akureyrar 2018-2020, Oddeyri“.

Þar kemur fram að heimilt er að útbúa íbúðir í núverandi byggingum með verslun og þjónustu á jarðhæðum. Byggja má ofaná núverandi byggingar eða reisa nýjar. Byggingar verði almennt 3-4 hæðir.

Meðfylgjandi eru tillöguteikningar sem sýna grófa hugmynd af sex íbúðum á 2. hæð hússins.

Akureyri 28.02.2020
Fh. Ormsson ehf.
Kt. 530509-0360



Steinmar H. Rögnvaldsson
Byggingatæknifræðingur